

Fundargerð

Fundur formanna fjallskilanefnda
á svæði Fjallskilasamþykktar fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur
föstudaginn 28. ágúst 2015 kl. 13.



Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Boðaðir:

Formenn allra fjallskilanefnda á Vestfjörðum.

Mættir: Einar Hafliðason, fjallskiladeild Reykhólahrepps, Björgvin Hallgrímsson og Pröstur Reynisson frá fjallskiladeild Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð. Haraldur V.A. Jónsson Strandabyggð boðaði forföll, aðrir mættu ekki.

Einar Hafliðason bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. Fjallskil í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.

Að beiðni og frumkvæði formanns fjallskilanefndar Reykhólahrepps, Einar Hafliðasonar, var boðað til fundar formanna fjallskilanefnda í hverri fjallskiladeild skv. Fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur, auk Strandabyggðar sem aðliggjandi fjallskilasvæðis.

Í samþykktinni segir:

Formenn fjallskilanefndar hverrar fjallskiladeildar fyrir sig skulu jafnframt mynda fjallskilastjórn viðkomandi svæðis og skipuleggja eftir þörfum sameiginleg fjallskil svæðisins. Þeir skulu jafnframt tryggja sér samráð við fjallskilastjóra aðliggjandi fjallskilasvæða þar sem fé gengur saman. Fjallskilastjórn svæðisins kys sér formann.

Fundurinn var haldinn þrátt fyrir að fáir hefðu mætt, Einar lagði fram tillögu um að bókað yrði að fundurinn harmaði að boðaðir aðilar hefðu ekki mætt.

Rætt var um smölun í Reykhólahreppi og Vesturbyggð, sérstaklega á mörkum sveitarfélaganna. Samþykkt var að stefna að smölun í Múlasveit frá og með 10. september.

Stefnt er að árlegum fundi formanna fjallskilanefnda í byrjun ágúst á ári hverju.

Einar þakkaði fundarmönnum komuna og sleit fundi.

Önnur mál (ef einhver)

Fundargerð lesin, fundi slitið 14.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____